

2003020063

3609; 9310

Vegagerðin  
Magnús Valur Jóhannesson  
Borgarbraut 66  
310 Borgarnes

Reykjavík, 8. apríl 2003

### **Efni: Hringvegur, Borgarfjarðarbraut - Brekka, Borgarbyggð. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 25. febrúar 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um framkvæmdir við Hringveg milli Borgarfjarðarbrautar og Brekku samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 2.a og 10.b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Borgarbyggðar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Borgarbyggð með bréfi dags. 25. mars 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 14. mars 2003, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 25. mars 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 17. mars 2003.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 17. og 24. mars og 1. apríl 2003.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Vegagerðin áformar að endurbyggja 13,5 km langan kafla á Hringvegi, nr. 1, Borgarbyggð, í Borgarfirði. Kaflinn hefst skammt sunnan við vegamót Borgarfjarðarbrautar, við veitingaskálann Baulu, í landi Borga og nær norður fyrir Brekku eða um 3 km sunnan við vegamót Vestfjarðavegar. Þegar hafa verið endurbyggðir 0,6 km á kaflanum framhjá Bifröst.

Í gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að vegurinn verði byggður upp, hækkaður og hæðar- og planlega hans löguð. Víða sé veglínin innan vegsvæðis núverandi vegar, sem sé 60 m breitt og nái 30 m frá miðlínu vegar. Óhjákvæmilegt hafi reynst að víkja frá núverandi vegi á nokkrum stöðum til að losna við erfiðar beygjur og slæma legu. Hönnun geri ráð fyrir vegriðum við veginn sé þeirra þörf þar sem fyllingar séu háar og þar komi til greina að breikka veginn. Vegurinn verður snjóléttari en núverandi vegur, með bundnu slitlagi og hannaður

fyrir 90 km/klst hámarkshraða. Fram kemur að áætluð efnisþörf í verkið sé um 330.000 m<sup>3</sup>. Þar af verði 169.000 m<sup>3</sup> úr skeringum og svipað magn verði unnið úr námum, en efnistaka úr tveim námum, mun fara yfir 50.000 m<sup>3</sup>.

Vegurinn liggur að hluta til um svæði sem er verndarsvæði og á náttúruminjaskrá, Grábrókarhraun og Hreðavatn og í grennd er náttúruvætti, Grábrókargígur. Frá Munaðarnesi að Hreðavatni liggur vegurinn um hverfisverndað svæði. Að auki hafa framkvæmdirnar áhrif á landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd, þ.e. eldhraun og votlendi sem er stærra en 30.000 m<sup>2</sup>. Fyrirhugaður vegur liggur um vatnsverndarsvæðið milli Hraunár og Hríshóls líkt og gamli vegurinn gerði. Framkvæmdin liggur innan 100 m frá 4 fornminjum sem verður ekki raskað.

Í gögnum framkvæmdaáðila kemur fram að framkvæmdin hefur óveruleg áhrif á gildi hverfisverndarsvæðisins í Norðurárdal. Hverfisverndin í svæðisskipulagi sé fyrst og fremst tilkomin vegna útivistargildis svæðisins, sem er í samhengi við náttúrufar þess. Við útreikninga á votlendi sem vegurinn mun þurrka er gengið út frá að 28,5 ha svæði muni verða fyrir áhrifum og muni Vegagerðin endurheimta jafn mikið votlendi og það sem raskast við framkvæmdina.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta vegasamband á Hringvegi, auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á Vesturlandi.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Borgarbyggðar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Verndarsvæði.** Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að Grábrókarhrauni hafi verið raskað m.a. með húsbyggingum og raflínum. Vegurinn um hraunið muni tengjast núverandi vegi sem liggja fast við Litlu-Grábrók og sé ráðgert að framkvæmdasvæðið nái allt að 8 m inn á friðlýst svæði á 140 m kafla. Vegurinn liggja nú þegar mjög nálægt gígunum, en æskilegt sé að umhverfis náttúruvætti sé svæði þar sem ekki sé gert ráð fyrir mannvirkjagerð svo þau fái notið sín.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að haft verði samráð við Umhverfisstofnun um legu vegarins við Litlu Grábrók. Reynt verði að færa veginn út úr friðlýsta svæðinu. Vegagerðin muni sækja um leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda ef þær lendi innan friðlýsta svæðisins við Grábrókargíga.

**Vatnsverndarsvæði.** Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að vegna nálægðar við vatnsverndarsvæði sé nauðsynlegt að gæta varúðar meðan á framkvæmdum standi. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram að svæðið frá Hrauná að Grábrók eða rétt upp fyrir þann stað hafi verið til athugunar hjá Borgarbyggð til öflunar neysluvatns fyrir íbúa og eigendur frístundahúsa í Borgarbyggð. Samkvæmt frumrannsókn á svæðinu sé svæðið mjög vatnsgjöfult. Heilbrigðiseftirlitið fari fram á að frekari rannsóknir fari fram á svæðinu áður en framkvæmdir hefjist við endurbættan veg um hraunið. Þegar og ef til framkvæmda kemur,

verði verktökum gert ljóst að þeim beri að sækja um leyfi til heilbrigðisnefndar fyrir starfsmannabúðum ef þær verði settar upp á svæðinu og hvers konar annarri starfsemi s.s. búnaði og tækjum sem hugsanlega gætu valdið mengun sbr. reglugerð nr. 785/1999 og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að legið hafi fyrir að Hringvegurinn myndi liggja áfram um fyrirhugað vatnsverndarsvæði í nágrenni Bifrastar, þegar mörk þess voru ákveðin og svæðið afmarkað í svæðisskipulagi Mýrasýslu 1998-2010. Mjög litlar breytingar séu fyrirhugaðar á legu vegarins þar sem hann liggja um fyrirhugað vatnsverndarsvæði. Innan vatnsverndarsvæðisins muni núverandi vegur hækka að meðaltali um 60 sm og breikka úr 6,5 m í 8,5 m og taki þar af leiðandi meira pláss. Vikið sé út af núverandi vegi milli stöðva 11.000 og 11.200 til að lagfæra krappa beygju. Vegagerðin telji að þessar aðgerðir muni gera veginn öruggari og þar af leiðandi minnka hættu á mengunarslysum á þessum vegarkafli. Vegagerðin hafi ekki áætlanir um rannsóknir á fyrirhuguðu vatnsverndarsvæði áður en framkvæmdir hefjist. Haft verði samráð við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands um hvort ástæða sé til að setja sérstakar kröfur í útboðsgögn um hvernig framkvæmdum skuli hátað innan fyrirhugaðs vatnsverndarsvæðis. Í útboðsgögnum verði verktökum gert ljóst að þeim beri að sækja um leyfi til heilbrigðisnefndar fyrir starfsmannabúðum ef þær verði settar upp á svæðinu og hvers konar annarri starfsemi s.s. búnaði og tækjum sem hugsanlega gætu valdið mengun.

**Meningarminjar.** Fornleifavernd ríkisins bendir á að Vegagerðin ætli að merkja þá fjóra staði sem séu innan við 100 m frá vegstæðinu til að koma í veg fyrir að vinnuvélar raski fornleifum á þessum stöðum af vangá. Fornleifavernd ríkisins telur að fyrir liggja nægjanleg gögn um fornleifar á framkvæmdasvæðinu. Fornleifaverndin álitur jafnframt að boðaðar mótvægisáðgerðir Vegagerðarinnar til verndar fornleifum séu fullnægjandi.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurbyggingu á 13,5 km löngum kafla á Hringvegi frá Borgarfjarðarbraut að Brekku, Borgarbyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2.a og 10.b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að þar sem endurbygging vegarins fylgi að mestu leyti núverandi vegi þá muni framkvæmdin hafa óveruleg áhrif á hverfisverndarsvæði og friðlýsingu Grábrókarhrauns. Áhrif framkvæmdanna verði fremur lítil á votlendi þar sem nýr vegur liggja við hlið núverandi vegar þar sem farið verði um votlendi.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að hugað verði sérstaklega að þeim hluta framkvæmdanna sem fyrirhugaðar eru innan vatnsverndarsvæðisins sem nái frá Hrauná að Hríshóli. Þó svo að vatnstaka sé hvorki hafin á svæðinu né fyrir liggja skipting svæðisins í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði liggja fyrir áform um nýtingu. Bent er á að skv. 14. gr. reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, sbr. reglugerð nr. 533/2001 sé heilbrigðisnefnd heimilt að banna framkvæmdir innan verndarsvæðis vatnsbóla. Þar sem ekki liggur fyrir skipting vatnsverndarsvæðisins í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði eru ekki tiltækar umgengnisreglur þar sem vegurinn kemur til með að liggja í gegnum vatnsverndarsvæðið.

Það er því afar brýnt að Vegagerðin hafi fullt samráð við eftirlitsaðila, þ.e. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, um alla starfsemi, takmarkanir, eftirlit og fyrirkomulag framkvæmda innan vatnsverndarsvæðisins.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbygging Hringvegjar frá Borgarfjarðarbraut að Brekku í Borgarbyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b og leyfi Umhverfisstofnunar skv. 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 8. maí 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Borgarbyggð, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og Umhverfisstofnun.